

Borgarráð

Svar við framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við opna fundi borgarstjóra

Á fundi borgarráðs þann 22. mars sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarstjóri hefur haldið reglulega opna fundi í Ráðhúsinu og víðar í borginni á kjörtímabilinu. Þessum opnu fundum hefur farið fjölgandi nú í aðdraganda kosninga sem augljóst er að nýta á í áróðursskyni á kostnað skattgreiðenda. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hversu marga opna fundi borgarstjóri hefur haldið á kjörtímabilinu og hversu marga fundi er áætlað að halda í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna í maí. Óskað er eftir sundurliðuðum kostnaði við fundarhöldin og heildarkostnaði þar með talið launakostnaði, útkeyptri vinnu, húsnæðiskostnaði og kostnaði við veitingar.

Ofangreind fyrirspurn var síðan ítrekuð á fundi borgarráðs þann 24. maí sl.

Þá lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn í borgarráði þann 26. apríl sl:

Óskað er eftir upplýsingum um allan kostnað, sem fellur á Reykjavíkurborg, vegna fundaherferðar borgarstjóra í aðdraganda komandi borgarstjórnarkosninga, t.d. við auglýsingar, húsaleigu og myndatökur. Óskað er eftir því að tilgreindur verði tilfallandi kostnaður vegna vinnu borgarstarfsmanna við fundina, t.d. vegna undirbúnings sem og fundarsetu.

Á fundi borgarráðs þann 7. júní 2018 svaraði borgarstjóri ofangreindum fyrirspurnum með eftirfarandi svari:

Borgarstjóri hefur á kjörtímabilinu haldið býsna marga opna fundi með íbúum. Til að mynda heimsótti hann öll hverfi borgarinnar tvisvar sinnum á kjörtímabilinu og hélt þá í bæði skiptin opna fundi þar sem farið var yfir hin ýmsu málefni svo sem þjónustu í hverfinu, skipulagsáætlanir, fyrirhugaða uppbyggingu og innviði hverfanna í víðasta skilningi auk þess að svara þeim spurningum sem brunnu á íbúum viðkomandi hverfa. Auk þess hefur borgarstjóri haldið opna fundi um uppbyggingu íbúða, uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og annarra uppbygginga innan borgarmarkanna til þess að miðla upplýsingum til einstaklinga, fagaðila og fyrirtækja um það sem er í pípunum í uppbyggingu. Þessir opnu fundir hafa nýst afar vel miðlunar á mikilvægum upplýsingum um uppbyggingaáætlanir bæði vegna íbúða og atvinnuhúsnæðis til borgarbúa og fagaðila. Auk opinna funda um uppbyggingu og opinna funda í hverfunum hafa verið haldnir opnir fundir um deiliahagkerfið, velferðartækni,

snjallborgina og ýmis önnur málefni í þeim tilgangi að miðla því gríðarlega umfangi sem í starfsemi borgarinnar felst. Alls hafa verið haldnir 41 opinn fundur á kjörtímabilinu og líklega má telja að aldrei hafi verið haldnir eins margir opnir fundir á einu kjörtímabili með það að markmiði að efla sambandið við borgarbúa og tryggja skýra miðlun upplýsinga.

Kostnaður vegna opinna funda borgarstjóra, alls 41 fundur, á kjörtímabilinu skiptist svona:
Veitingar og framreiðsla: 1.489.094
Leiga á húsnæði: 162.477
Hljóðkerfi, upptökur og streymi: 1.677.991
Hönnun og vinnsla fundagagna: 1.122.240
Auglýsingar: 2.039.267
Samtals: 6.491.069

Enginn tilfallandi kostnaður féll til vegna vinnu borgarstarfsmanna við þessa fundi.

Á sama fundi borgarráðs, 7. júní sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn:

Óskað er frekari upplýsinga sem snúa að kostnaði vegna opinna funda borgarstjóra í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna. Þá er jafnframt óskað eftir því að öllum þáttum fyrirspurnarinnar verði svarað með fullnægjandi hætti þar sem þær koma ekki fram í svari við fyrirspurnum um málið sem lagðar voru fram 22. mars sl. og 24. maí sl.

Á fundi borgarráðs þann 5. júlí 2018 svaraði borgarstjóri framhaldsfyrirspurninni með eftirfarandi svari:

Í fyrirspurnum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 22. mars sl. og 24. maí sl. var óskað eftir upplýsingum um hversu marga opna fundi borgarstjóri hefur haldið á kjörtímabilinu, borgarstjóri svaraði þann 7. júní sl. að alls hefði verið haldinn 41 opinn fundur á síðasta kjörtímabili. Þá óskuðu borgarfulltrúar sjálfstæðisflokksins eftir sundurliðuðum kostnaði við fundarhöldin sem og heildarkostnaði. Heildarkostnaður er tilgreindur í ofangreindu svari borgarstjóra, alls 6.491.069 kr. Óskað var sérstaklega eftir kostnaði vegna launa borgarstarfsmanna, útkeyprtar vinnu, húsnæðiskostnaði og kostnaði við veitingar, sundurliðun vegna allra þessara þátta má finna í svari borgarstjóra frá 7. júní sl. en þar er jafnframt tilgreint að enginn tilfallandi kostnaður hafi fallið til vegna vinnu borgarstarfsmanna við þessa fundi. Það er því talið að öllum þáttum fyrirspurnanna frá 22. mars sl. og 24. maí sl. hafi verið svarað með fullnægjandi hætti.

Á sama fundi borgarráðs, 5. júlí sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn:

Hvað voru margar vinnustundir inntar af hendi af hálfu borgarstarfsmanna bæði varðandi undirbúning og framkvæmd við opna fundi borgarstjóra í aðdraganda borgarstjórnarkosninga?

Svar:

Ekki er haldið sérstakt verkbókhald utan um vinnustundir starfsmanna skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og því ekki til upplýsingar um fjölda vinnustunda sem inntar voru af hendi varðandi undirbúning og framkvæmd við opna fundi borgarstjóra í aðdraganda borgarstjórnarkosninga.

Dagur B. Eggertsson